



Viðtakandi	Fjárlaganefnd Alþingis	Dagsetning	13. desember 2023
Sendandi	Matvælaráðuneytið Skrifstofa landbúnaðar	Málsnúmer	MAR23110379
		Tilgangur	Til upplýsingar

Aukagreiðsla á innvegna mjólk - endurbætt

Formaður fjárlaganefndar óskaði eftir upplýsingum frá matvælaráðuneytinu um áhrif þess að bæta við 500 m.kr. greiðslu á innvegna mjólk, samkvæmt tillögu meirihluta fjárlaganefndar vegna fjárukalaga 2023. Samandregið eru niðurstöðurnar að u.þ.b. 497 bú fá viðbótarstuðning sem nemur rúmri milljón króna á hvert bú að meðaltali.

Almennt um mjólkurframleiðslu

Til þess að selja mjólk á innanlandsmarkaði þarf framleiðandi að ráða yfir greiðslumarki í mjólk. Greiðslumark ársins 2023 er 149 milljónir lítra og síðustu ár hefur framleiðsla verið nálægt greiðslumarki hvers árs. Innan hvers árs hefur verið nokkur breytileiki milli framleiðenda þar sem að hluti framleiðenda framleiðir meiri mjólk heldur en greiðslumark segir til um en álíka stór hluti framleiðir minni mjólk heldur en greiðslumark segir til um. Í heildina jafnast þetta út þar sem að nýting greiðslumarks árið 2022 var 100%. Þar af voru 113 með meiri nýtingu en 110%, 108 voru með undir 90% nýtingu og 312 á milli 90-110% nýtingu á greiðslumarki. Samtals eru þetta 533 bú.

Eins og kemur fram að ofan hafa 497 bú lagt inn einhverja mjólk árið 2023. Munurinn á þeirri tölu og samtölunni að ofan er 36 bú. Þar er um að ræða þau bú sem réðu yfir greiðslumarki í árslok 2022 en hafa ekki lagt inn mjólk á þessu ári. 16 þeirra lögðu ekki inn mjólk á árinu 2022 og ekki heldur í ár. Þau 20 sem þá standa eftir hafa ekki lagt inn mjólk á yfirstandandi ári. Ekki er búið að taka saman hvort þessu bú hafi nú selt greiðslumarkið, eða ráði yfir því enn án þess að framleiða. Það verður gert þegar uppgjör ársins 2023 fer fram eftir áramót, þegar innlögð mjólk fyrir desember liggur fyrir.

Lykiltölur um framleiðslu ársins 2023

- Heildarinnlegg á mjólk frá janúar til nóvember 2023 eru 139,2 milljón lítrar mjólkur.
- Miðgildi mánaðarinnleggs er 22.893 lítrar pr. bú
- Meðaltal mánaðarinnleggs er 25.314 lítrar pr. bú
- Fjöldi búa sem lagt hafa inn mjólk á tímabilinu janúar til nóvember árið 2023 eru 497 talsins.

Greiðslur út á innvegna mjólk árið 2023 nema 2.941,8 m.kr. og skiptast hlutfallslega á mánuði ársins eða um 245,2 m.kr. á mánuði.

Sé 500 m.kr. skipt í samræmi við greiðslur á innvegna mjólk árið 2023 má áætla að meðaltals greiðsla á bú væri rúm 1 milljón kr. Miðgildi greiðslna yrðu rúmar 900 þús. kr. á bú.

Í áliti meirihluta fjárlaganefndar vegna fjárukalaga kemur fram að skilyrði eigi m.a. að vera að viðbótagreiðslan verði háð því að framleiðandi hafi lagt inn mjólk í nóvember 2023. Eftir er að fara yfir það og það gæti haft áhrif á meðalgreiðslu til hækkunar, en eins og fyrr segir hafa 497 bú lagt inn einhverja mjólk árið 2023